


Skapandi lokaverkefni 2016



Höfundar:

Bryndís María Olsen
Jóhanna Ómarsdóttir
Karen Óskarsdóttir
María Rós Valgeirsdóttir
Steinunn Elísabet Benediksdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Þurrkun plantna - miðstig

Viðfangsefni / Námsgreinar	Námsefni / Námsgögn	Hæfniviðmið	Afurð / Námsmat	Tengsl við grunnþætti og lykilhæfni
<p>Verkefni þar sem unnið er með þurrkun plantna ásamt góðum útskýringum á verklegum þáttum.</p> <p>Samþættar námsgreinar eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Náttúrufræði ○ Myndmennt 	<ul style="list-style-type: none"> ○ Náttúrufræði-uppfletti rit með garðagróðri ○ Upplýsingar sem nemendur skrá um einkenni þeirra plantna sem þeir tíndu ○ Pokar, skæri, stílabók, lím, bókunarpappír, penslar og A3 blöð. 	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. ○ hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum. ○ nýtt sér eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. ○ skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar. ○ þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni. ○ útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið. <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-228).</p>	<ul style="list-style-type: none"> ○ Afurð nemenda og kynningar á þeim <p>Mat: Afurð 50% Kynning 50%</p>	<p>Grunnþættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Sjálfbærni ○ Sköpun <p>Lykilhæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Tjáning og miðlun ○ Gagnrýnin hugsum ○ Sjálfstæði og samvinna <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-95)</p>

Nánari útlitun á kennsluáætluninni „Þurrkun plantna“.

Þetta samþætta verkefni býður upp á samvinnu náttúrufræðikennara, umsjónarkennara og myndmenntakennara.

Markmið verkefnisins felur í sér sjálfbærni og sköpun. Nemendur eiga að finna hráefni úr umhverfinu, tína, þurrka og pressa það og síðan eru jurtirnar greindar með hjálp uppflöttirita um plöntur. Skráð eru helstu einkenni hverrar plöntu. Nemendur vinna síðan tveir og tveir saman að gerð myndverks úr þurrkuðu plöntunum og eru heiti þeirra skráð ásamt upplýsingum á annað blað sem notað er til hliðsjónar þegar nemendur kynna verkin sín í lok 7.-8. tíma.

Áherslurnar eru að nemendur nái að sjá möguleika í því að nýta á einfaldan hátt efnivið sem annars eyðist og takist að þróa verkefni sín eftir getu og áhuga.

Innlögn verður sýnikennsla þar sem byrjað er á því að sýna nokkrar gerðir af fullgerðum verkum og síðan er verkleg sýnikennsla.

Kennsluaðferðirnar eru umræðu- og spurnaraðferðir með hugarstormun þar sem nemendur eru vaktir til umhugsunar um sjálfbærni og sköpun. Einnig er unnið með útlitunarkennslu eða örfyrirlestra þar sem inntak verkefnisins er kynnt. Sýnikennsla og verkleg kennsla eru jafnframt notuð til þess að kenna ákveðna færni og verklag.

Sköpunarþáttur verkefnisins er að nemendur hafa val á formi, stærð, litum og umfangi verksins. Það að velja sínar eigin plöntur gefur þeim tækifæri til að vinna á fjölbreyttan hátt og taka verkefnið í þær áttir sem þeir kjósa. Þeir hafa þannig vissa ábyrgð á eigin námi í leiðinni. Tímarammi verkefnisins er áætlaður fjórum sinnum tvær kennslustundir.

1.-2. kennslustund

Að sækja hráefnið: kveikjan að verkefninu er umræða um það hvað gerist í náttúrunni þegar haustar. Það er að tré fella lauf og blóm og jurtir fara í vetrarham. Rætt er um gagnsemi gróðursins sem fölnar og fellur fyrir vistkerfið og hvernig er hægt að varðveita laufblöðin og blómin.

Nemendur tína laufblöð, blóm og jurtir. Hráefninu er síðan dreift á maskínupappír, merkt og þurrkað með því að pressa það á milli þykks lags af dagblöðum, bæði fyrir ofan og neðan. Það er síðan sett upp á borð og annað borð yfir (sjá fylgiskjal um þurrkun plantna).

3.-4. kennslustund

Rannsóknar og upplýsingaöflun: nemendur, ásamt kennara, gera stutta úttekt á því sem þarf að koma fram í verkefninu og skrifa það upp á töflu.

Nemendur vinna tveir og tveir saman að því að finna hvað jurtirnar sem þeir söfnuðu heita. Þeir búa svo til mynd eða ljósker af þeim jurtum sem þeir eru búnir að greina og skrá upplýsingarnar um leið. Nemendur skrifa stuttan texta um hverja jurt og það sem einkennir hana (sjá fylgiskjal, leiðbeiningar um ljóskeragerð).

7.-8. kennslustund

Nemendur kynna verkefni sín og jurtir fyrir hinum og segja frá því sem þeir hafa lært.

Heimild:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

Nemendaverk



ÞURRKUN OG PRESSUN JURTA LEIÐBEININGAR

1

ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT ERU ÍLÁT FYRIR
JURTIRNAR, SKAERI, DAGBLÖÐ, TVENN
BORÐ OG MASKINUPAPPÍR



2

ÞÚ BYRJAR Á ÞVI AÐ FARA ÚT OG TÍNA
JURTIR, BEST ER AÐ GERA ÞAÐ Í ÞURRU
VEÐRI. SÍÐAN DREYFIR ÞÚ JURTUNUM Í
EINFALDA RÖÐ Á MASKINUPAPPÍR



3

NÆST RAÐAÐU DAGBLÖÐUM Á BORÐ
OG LEGGUR MASKINUPAPPÍRINN MÆÐ
PLÖNTUNUM OFAN Á OG ANNANN
MASKINUPAPPÍR YFIR OG DAGBLÖÐ
YFIR ÞAÐ ---



4

TIL ÞESS AÐ PRESSA SETURÐU ANNAN
BORÐ YFIR OG SÍÐUR Í NOKKRA DAGA --



ATH

ÞURRKÍMI PLANTANA FER EFTIR ÞVI HVERSU BLAUTAR ÞÆR ERU, BÆÐI VEGNA
VEÐURFARS OG EIGINLEIKA ÞEIRRA. GOTT ER AÐ HAFA GOTT AUKAVERKEFNI Á MEÐAN
ÞÆR ERU AÐ ÞORRNA OG GÓÐ HUGMYND AÐ TAKA MYNDR AF ÞEIM EN NEMENDUR AETLA
AÐ FARA Í GREININGARVINNU.

5



TILBÚÐ TIL
NOTKUNAR



TAKK FYRIR OG GANGI YKKUR VEL

WJÓSKERABOTN

1

ÞAÐ SEM ÞARF ERU BLÖÐ, LOK, ÞRÁÐUR, VATN OG KLEMMUR



MÖTAÐU BLÖÐIN UTAN UM LOKIÐ OG FESTU MEÐ KLEMMUM

3



LEIÐBEININGAR

2

KLIPPTU 3-4 BLÖÐ Í HRING OG BLEYTTU ÞAU VEL



4

SNÚÐU LOKINU VIÐ OG VEFÐU ÞRÆÐINUM UTAN UM ÞAÐ. FJARLÆGÐU KLEMMURNAR OG VEFÐU ÞRÆÐINUM AÐRA HRINGI ÞAR SEM ÞÆR VORU OG BITTU HNÚT



ATH

FJÖLDI BLAÐA FER EFTIR ÞVI HVÆÐ PAPPÍRINN ER ÞYKKUR, HÆGT ER AÐ NOTA DAGBLÖÐ, GAMLA REIKNINGA, LITABÆKUR, GJAFAPAPPÍR EÐA FLBESTAN SLÉTTANN PAPPÍR

4

AÐ LOKUM ER LOKINU SNÜÐ VIÐ SETT Á KRUKKU OG LÁTIÐ ÞORNA



HÉR MÁ SJÁ DÆMI UM LJÓSKERABOTNA SEM NEMENDUR HAFA BUIÐ TIL GANGI YKKUR VEL

5



WÓSKERAGERD

LEIÐBEININGAR

1

ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARF ERU ÞURKAÐAR
JURTIR, LÍM, PENSILL, BÖKUNARPAPPÍR
OG BOTN.



2

ÞÚ BYRJAR Á ÞVI AÐ TAKA EINA ÖRK AF
BÖKUNARPAPPÍR OG BRJÓTA Í TVENNT,
SÍÐAN BERÐ ÞÚ LÍM Á ANNAN HELMINGINN.



3

ÞEGAR LÍMIÐ ER KOMIÐ Á
BÖKUNARPAPPÍRINN ÞÁ ERU ÞURKUÐU
JURTUNUM RAÐAÐ OFAN Í LÍMIÐ OG
BÖKUNARPAPPÍRINN BROTTIN SAMAN OG
NUDDAÐUR SVO VANDLEGA



4

NÆST ER LÍM BORIÐ INNAN Á HLÍÐAR
BOTNSINS



ATH

HÆGT ER AÐ NOTA ALLSKYNS LOK EÐA UMBÚÐIR UTAN AF OSTUM SEM BOTN OG SVO
ER HÆGT AÐ BÚA TIL SINN EIGIN OG FYLGJA LEIÐBEININGAR UM ÞAÐ
KENNGLUÁÆTLUNINI

ÞÉ LOKUM ER BÖKUNARPAPPÍRINN HRINGAÐUR OG SETTUR OFAN Í LOKIÐ OG ÞRÝST VEL AÐ HLIÐUNUM, LÍM BORIÐ INNAN Á ENDAHLIÐ BÖKUNARPAPPÍRSINS OG ÞRÝST SAMAN. LÁTIÐ ÞORNA OG MÁLIÐ DAUTT.

4



5

HÉR ERU NOKKUR DÆMI UM NEMENDAVERK OG NAUÐSÝNLEGT AÐ LÁTA NEMENDUR VITA AÐ ÞAÐ VERÐI AÐ VERA HITAFOLNAR GLERKRUKKUR INNI Í LJÓSKERINU ÞAR SEM SPRITTKERTI FER OFAN Í.



GANGI YKKUR VEL